

5) Dómar skulu vera stuttir og glöggir. Má ekki skirskota til sannana eða atvika, sem síðar kunna að koma fram, nema úrslit máls eigi að velta á eiði eða drengskaparheiti.

6) Dómi eða úrskurði má fullnægja með aðför eftir efni sínu, þótt þess sé ekki sérstaklega getið.

42. gr.

XVI. kafli, um sjó- og verslunardómsmál, falli niður, nema 204. gr.

43. gr.

221. gr. orðist þannig:

Um hjúskaparmál fer eftir lögum nr. 60/1972 um stofnun og slit hjúskapar.

Um mál til vefengingar faðernis skilgetinna barna fer eftir lögum nr. 57/1921 um afstöðu foreldra til skilgetinna barna.

44. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1982.

Þá falla niður:

Lög nr. 35/1914 um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, 5.—7. gr.

Lög nr. 16/1951 um mælingu og skrásetningu lóða og landa í umdæmi Akureyrar, 11.—14. gr.

Lög um landamerki o. fl., nr. 41/1919, sbr. lög nr. 69/1954 og nr. 29/1965 um breyting á þeim lögum, 9.—19. gr.

Lög nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, 6. gr.

Gjört í Reykjavík, 26. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðjón Þórðarson.

L Ö G

um tilraunastöð Búnaðarsambands Suðurlands og Rannsóknastofnunar
landbúnaðarins að Stóra-Ármóti.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að semja við stjórn Búnaðarsambands Suðurlands um sameiginlegan rekstur tilraunastöðvar að Stóra-Ármóti í Flóa.

2. gr.

Aðalviðfangsefni tilraunastöðvarinnar skal vera alhliða tilraunastarfsemi í nautgriparækt með aðaláherslu á fóðrun og meðferð gripa, en auk þess sinni hún verkefnum á sviði annarra búgreina, eftir því sem aðstæður leyfa hverju sinni.

3. gr.

Tilraunastarfsemin verði rekin innan sviðs landbúnaðarrannsóknna á Íslandi skv. lögum nr. 64/1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

4. gr.

Þátttaka ríkissjóðs í kostnaði við mannvirkjagerð og rekstur ákvarðast af fjárveitingu hverju sinni.

5. gr.

Við tilraunastöðina starfi sérfræðingur í fóðurfræði og rannsóknamaður, ráðnir af Rannsóknastofnun landbúnaðarins, en launaðir af ríkissjóði. Auk þess skulu sérfræðingar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og ráðunautar Búnaðarsambands Suðurlands hafa aðstöðu til rannsókna á tilraunastöðinni, eftir því sem aðstæður leyfa hverju sinni samkvæmt mati stjórnar tilraunastöðvarinnar.

6. gr.

Tilraunastöðin starfar undir yfirstjórn þriggja manna, og skal hún skipuð þannig: Einn maður tilnefndur af Búnaðarsambandi Suðurlands, forstjóri Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og starfandi bóndi á svæði Búnaðarsambands Suðurlands, tilnefndur af landbúnaðarráðherra.

Ráðherra skipar stjórn og stjórnarformann til 4ra ára í senn.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Pálmi Jónsson.

L Ö G

**um breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 11. gr. bætist ný málsgrein er verði 7. málsgrein og orðist svo:

Hver sem stundað hefur sjómennsku í 25 ár eða lengur skal eiga rétt á töku ellilífeyris frá og með 60 ára aldri, enda sé að öðru leyti fullnægt skilyrðum þessarar greinar. Starfsár sjómanna skal í þessu sambandi miðast við að sjómaður hafi verið lögskráður á íslenskt skip eigi færri en 180 daga að meðaltali í 25 ár. Nánari ákvæði um framkvæmd skulu sett með reglugerð.